



Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags 13. desember 2023 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga um breytingar á Laugavegi

Lagt er til að Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að Laugavegur verði óslitin göngugata frá Frakkastíg að Ingólfsstræti.
- Að undanþága sem heimilar akstur á göngugötu Laugavegar milli Frakkastígs og Klapparstígs vegna vöruafhendinga, aðkomu að baklóðum og annarra sem hafa heimild til að aka á göngugötu, verði frá Frakkastíg til vesturs.
- Að heimilaður verði akstur á göngugötu Vatnsstígs, frá Hverfisgötu og að lóð nr. 4 við Vatnsstíg, vegna aðkomu að og frá Vatnsstíg 4.
- Að heimilaður verði akstur yfir göngugötu Laugavegs frá Klapparstíg úr norðri, að Klapparstíg sunnan Laugavegs.
- Að heimilaður verði akstur yfir göngugötu Laugavegs frá Bergstaðastræti úr suðri að Smiðjustíg norðan Laugavegs.

Greinargerð fylgir tillögunni

Vísað til umsagnar íbúaráðs Miðborgar og Hlíða.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnýslu og gæða